

## Fyrirspurn

til utanríkisráðherra um varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

Frá Jóni Gunnarssyni.

1. Hversu margir hermenn eru nú á vegum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
2. Hversu margir almennir borgarar, þ.e. ekki hermenn, dvelja nú á Keflavíkurflugvelli á vegum Bandaríkjahers og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
3. Hversu margir Íslendingar starfa nú hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og hversu margir voru þeir á árunum 1990–2003, sundurliðað eftir árum?
4. Er ráðherra kunnugt um áætlanir um fjölda hermanna, almennra bandarískra borgara og íslenskra starfsmanna á næstu þremur árum?

Skriflegt svar óskast.